



Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir

SMÍÐA VERKEFNI 1.-4. BEKKUR




Verkefni í hönnun og smíði fyrir nemendur í 1.–4.bekk

Í þessum verkefnabanka eru 40 verkefni fyrir nemendur í 1.–4. bekk. Verkefnin eru miserfið og þyngdarstigið er táknað með tölustöfum frá 1–4 en einnig er hægt að laga þau að þroska og getu hvers nemanda. Öll verkefnin hafa verið prófuð í smíðakennslu og í verkferlалýsingunni er oft talað um ýmsa punkta sem reynslan hefur sýnt að þarf að gæta sérstaklega að.

Þó að talað sé um ákveðin smíðaeefni í hverju verkefni þá er lítið mál að breyta um efnivið og aðlaga verkefnin að því sem hentar hverjum skóla. Reynt var að hafa efnisval fjölbreytt og nýta ýmsan efnivið úr umhverfinu. Þá er hugað að endurnýtingu og oft er hægt að nota gamlan efnivið til að smíða falleg listaverk.

Þyngdarstig verkefna:



SMÍÐAVERKEFNI 1.–4. BEKKUR

© Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir

© ljósmyndir Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir

Ritstjóri: Guðríður Skagfjörð Sigurðardóttir

Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun


EFNISYFIRLIT

2	Ávextir á ávaxtatré	4
2	Óróar úr tré	5
3	Rammar	6
4	Spegill – fuglaþema	7
1	Segull á ísskáp	8
1	Hálsmen/næla úr trjá sneið	9
4	Púsl m/ramma	10
1	Jólasveinar úr trjá lúrkum	11
3	Víravirki með kúlum (leikfang)	12
2	Naglamynd	13
2	Mosaikmynd	14
4	Kubbapúsl	15
2	Klemmurammi	16
1	Hljóðfæri – hristur og trommur	17
3	Seglskútur – Bátar	18
4	Tálguverkefni	19
1	Kubballistaverk	20
3	Endurvinnsla húsgagna	21
1	Stafurinn minn	22
4	Vírakarlar	23
4	Borðspil (mylla/kínversk skák/lúdó)	24
4	Borverkefni	25
4	Sprellikarlar	26
3	Listaverk/fígúra úr vír	27
2	Garðurinn minn	28
2	Stjörnuveggur	29
2	Endurvinnna púsl	30
3	Prívíddarmynd	31
1	Skartgripir úr kúlum/perlum	32
4	Plastvinna (segull, hálsmen, lyklakippa)	33
3	Englar úr tré með vírvængi	34
1	Pappahús – gatan mín	35
2	Málsháttur á rekavið/óheflaðan við	36
4	Farartæki (bíll) sem hreyfist í vindi	37
2	Haustlitir – tré og laufblöð	38
3	Furðufuglar	39
1	Bókamerki úr leðri	40
3	Sumarblómin	41
2	Jólaskraut úr íspinnum	42
4	Nýsköpunarverkefni	43

Ávextir á ávaxtatré

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Þjálf handverk.
- Læra að nota útsögunarsög og sandpappír.
- Vinna með yfirborðsefni, bæs, málningu.
- Hönnun, læra heiti ávaxta, skoða lögun og teikna ávexti.
- Geta dregið einfalda skissu og tvíviða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Hvaða ávextir vaxa á Íslandi? Hvaðan fáum við aðra ávexti? Hvaða ávöxtur finnst ykkur góður?
Hvaða ávexti getum við tekið með okkur í nesti? Hvaða ávextir eru stórir/litlir?

Efni og áhöld:

Krossviður, 9mm, bæs eða málning, útsögunarsög, blýantur, kalkipappír, sandpappír (fínn og grófur), naglar og hamar.

Verklýsing:

Rætt er um ávexti og nemendur velja sér einn ávöxt til að vinna með.

Teikna ávöxtinn á blað.

Flytja myndina yfir á krossviðsplötu með kalkipappír.

Saga út ávöxtinn með útsögunarsög.

Pússa kantana með sandpappír.

Bæsa eða mála í réttum lit (hvernig er viðkomandi ávöxtur á litinn?).

Kennari sagar út stórt tré (úr krossvið eða MDF), malar brúnt og festir á vegginn.

Þegar allir ávextirnir eru tilbúnir neglir hver nemandi sinn ávöxt á tréð og þá er komið þetta fína ávaxtatré sem fær að hanga á veggnum í skólanum.

Sambætting: Heimilisfræði.

Óróar úr tré

Markmið:

- Æfa og finna jafnvægi.
- Geta framkvæmt einfaldar samsetningar (læra að binda hnúta).
- Læra að nota útsögunarsög.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Vinna með trjágreinar og viðartegundir úr umhverfinu.
- Vinna með efnivið úr umhverfinu og/eða endurvinnanlegt efni.
- Geta sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um mismunandi efnistegundir, tré, plast, málmi o.fl. Hvaða efni eru í kennslustofunni? Úr hverju eru húsgögnin? Verkfærin? Hvað er búið til úr tré? Ræða um ferlið frá tré til afurðar. Vera með sýnishorn eða myndir af ferlinu. Hjá eldri nemendum er hægt að ræða um mismunandi viðartegundir og smíðaeefni, t.d. hvernig krossviður og MDF er búið til. Ræða um skógrækt. Hvaða skógur er í nærumhverfinu? Fara með nemendum út í skóg og sækja efnivið.

Efni og áhöld:

Trjágreinar, trjásneiðar, efnisafgangar úr tré eða málmi (t.d. gamlir lyklar), band/snæri (þarf að vera auðvelt að binda hnút á það, gott að nota garn), málning (ef á að mála óróann).


Verklýsing:

- Kennari er búinn að saga út nokkra trjábúta (sneiðar, greinar eða aðra efnisafganga) og er með nokkrar litlar trjágreinar í kassa.
- Nemendur velja sér tvær trjágreinar og binda saman í kross. Einnig er hægt að binda saman þrjár greinar í þríhyrning.
- Nemendur velja svo nokkra trjábúta til að nota í óróann. Þeir þurfa að skoða jafnvægið, hvaða bútar passa saman í óróann. Kannski þurfa þeir að saga niður búтана.
- Nemendur binda garnið/bandið utan um bútin og þurfa að gæta þess að binda fast svo að búturinn losni ekki. Einnig er hægt að bora gat ef trjábúturinn er stór.
- Nemendur hengja nokkra trjábúta eða aðra efnisbúta á greinarnar og þurfa að gæta þess að jafnvægi sé í óróanum.
- Óróarnir eru svo hengdir upp í gluggann í stofunni eða í stóra trjágrein sem kennari hengir upp í loftið.

Rammar

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Að þjálfra handverk.
- Læra að nota útsögunarsög og sandpappír.
- Vinna með yfirborðsefni, bæis, málningu.
- Geta dregið einfalda skissu og tvíviða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form, útlit og hönnun.
- Geta sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Skoða ramma (t.d. myndir af netinu). Ræða um tilgang ramma og hvað við setjum í ramma (ekki bara ljósmyndir). Hægt er að hafa eitthvað þema, t.d. beinar línur eða mjúkar línur, dýr eða fugla.

Efni og áhöld:

MDF (eða krossviður) 6mm, blýantur, kalkipappír, útsögunarsög, sandpappír (finn og grófur), málning.

Verklýsing:

- Kennari tekur mynd af bekknum/hópnum og prentar út á ljósmyndapappír (gott að nota stærðina 10x15 cm).
- Nemandi teiknar ytri ramma og innri ramma á blað (miðað við stærð ljósmyndarinnar).
- Blaðið er lagt á MDF-plötu og teiknað í gegn með kalkipappír.
- Ramminn (ytri ramminn) sagaður út með útsögunarsög.
- Kennarinn borar svo gat í innri rammann og setur sögina í gegn svo að nemandinn geti sagað innri rammann.
- Ramminn er pússaður vel með sandpappír.
- Ramminn er málaður í skærum lit, marglitur eða einlitur.
- Ljósmyndin er límd í rammann.
- Kennari borar gat efst í rammann til að hengja hann upp eða límir festingu aftan á.

Samþætting: Samfélagsfræði (umfjöllun um dýr)..

Spegill – fuglabema

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og hagnýtt þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Að þjálf handverk.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Þjálf notkun á útsögunarsög.
- Vinna með yfirborðsefni, málningu.
- Að geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á hönnun, form og útlit.
- Að geta dregið einfalda skissu og tvíviða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Að þjálf notkun brennipenna.
- Að geta beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Að geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Að geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um fuglategundir á Íslandi. Hvaða tegundir þekkja nemendur? Sýna þeim myndir af fuglum. Hvernig eru fuglarnir á litinn? Einnig hægt að hafa annað þema, t.d. húsdýrin, risæðlur eða annað sem tengist samfélagsfræði eða öðrum námsgreinum. Ræða um spegla. Hvar eru speglar heima hjá ykkur? Til hvers notum við spegla? Hvar í atvinnulífinu eru notaðir speglar? Hvar eru speglar úti? Á bílum?

Efni og áhöld:

Krossviður, 9mm, blýantur, blað, kalkipappír, útsögunarsög, sandpappír, málning, speglaflís (10x10 cm eða minni, líka hægt að skera minni spegla en þá þarf að gæta þess að þússa kantana vel svo að nemendur skeri sig ekki), brennipenni.

Verklýsing:


- Rætt um fuglategundir.
- Nemendur velja sér einn fugl og teikna hann á A4 blað (þeir þurfa að ákveða hvar spegillinn á að vera). Passa að fuglinn sé nógu stór til að hægt sé að koma speglinum fyrir.
- Flytja myndina yfir á krossviðinn með kalkipappír.
- Saga útlínur fuglsins með útsögunarsög.
- Þússa kantana.
- Fara ofan í allar línur með brennipenna.
- Mála fuglinn.
- Kennari limir speglaflísina á fuglinn.

Samþætting: Samfélagsfræði, fuglar eða dýr. Stærðfræði, speglun.

Segull á ísskáp

Markmið:

- Þjálfa handverk og hagnýta sér þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldu verkefni.
- Læra grunnformin með því að vinna verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Þjálfa notkun með útsögunarsög.
- Vinna með yfirborðsefni, málningu eða olíu.
- Þjálfa fínhyfingar.
- Geta beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Hver eru grunnformin (ferningur, hringur, þríhyrningur o.s.frv.)? Ræða speglun í formum (symmetrísk form). Hvar er spegilásinn í formunum? Hvernig er að saga beinar línur/bognar línur? Finna grunnform í umhverfinu. Hvar finnið þið t.d. þríhyrninga í stofunni?

Efni og áhöld:

MDF 4 eða 6mm, pappír, skæri, útsögunarsög, sandpappír, málning eða matarolía, segull.

Verklýsing:

- Kennari ræðir um grunnform og speglun.
- Nemendur klippa út form í pappír.
- Leggja útklippta formið á MDF-plötu (passa að nýta efnið vel) og teikna eftir útlínum.
- Saga út formið.
- Pússa kantana.
- Skrifa nafnið sitt (eða annað nafn, staf eða orð) með blýanti á plötuna/formið.
- Fara ofan í nafnið með brennipenna.
- Líma segulinn aftan á.
- Bera matarolíu á spjaldið (passa að festa segulinn fyrst áður en olían er borin á). Einnig er hægt að mála spjaldið í ljósum lit (svo að stafirnir sjáist).

Samþætting: Stærðfræði, grunnformin.

Hálsmen/næla úr trjá sneið

Markmið:

- Þjálf handverk.
- Geta útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið.
- Læra um áhringi í trjám.
- Skoða skóg og tré í umhverfinu.
- Geta gert grein fyrir nokkrum viðartegundum sem unnið er með.
- Geta valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.

Umræður:

Ræða um skóga og skógrækt. Hvernig vitum við aldur trjáa? Ræða um áhringi. Skoða misgömul tré og telja áhringi. Fjalla um ólíkar trjategundir og helstu tegundir á Íslandi (barrtré og lauftré).

Efni og áhöld:

Trjásneiðar (sem kennari hefur sagað niður), sandpappír, olía, brennipenni, leðurreim eða næla, (bor og borvél í hálsmen).

Verklýsing:

- Kennarinn sagar niður trjásneiðar úr sverum lurk.
- Nemendur telja áhringina og finna út hversu gamalt tréð er.
- Allir velja sér eina trjásneið og þússa sléttu hliðina til að ná sagarförum úr.
- Nemendur skrifa nafn sitt, stafinn sinn (eða t.d. mamma, pabbi, afi, amma) með blýanti á trjásneiðina.
- Fara ofan í nafnið með brennipenna.
- Kennarinn borar gat ef búa á til hálsmen (athugið að nota finan bor og bora mjög varlega svo að trjásneiðin kloffni ekki). Ef búin er til næla, líma hana aftan á með límbyssu.
- Bera matarolíu á trjásneiðina og setja leðuról á hálsmenið.

Sambætting: Íslenska, stafainnlögn í 1. bekk eða málfræði (t.d. að skrifa nafnorð, sérnafn, lýsingarorð).



Púsl m/ramma

Markmið:

- Þjálfva vandað handverk.
- Þjálfva útsögun og yfirborðsmeðferð.
- Geta dregið einfalda skissu og tvíviða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta hagnýtt þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Vinna með samsetningar og fjalla um ólíkar tegundir púsluspila.
- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



1.–4. bekkur



Umræður:

Skoða mismunandi tegundir púsluspila (finna dæmi á netinu). Hvernig festast púsl saman? Hver er munurinn á púsl með ramma og rammalaus púsl? Hvernig er best að saga púsl í sundur? Hvernig sög notum við þegar við sögum púsl? Hvernig festast kubbarir saman í púsl? Þurfa kubbarir að festast saman? Hvernig virkar þríviddarpúsl? Skoða gömul púsl og leikföng (t.d. á Árbæjarsafni).

Efni og áhöld:

Krossviður eða MDF (6mm í botn og 6–9mm í púsl) (passa að velja efni sem brotnar ekki mikið upp úr þegar það er sagað), blað og blýantur, kalkipappír, útsögunarsög, sandpappír, málning (eða Neoncolor litir), trélím, þvingur/klemmur.

Verklýsing:

- Nemendur fá A4 blað eða 20x20 cm blað og blýant, teikna mynd af ávexti eða dýri (t.d. fisk, fugl, húsdýr, hund). Muna eftir að hafa ramma umhverfis myndina.
- Kennari sagar út tvær jafnstórar plötur (6 mm í botn og 9 mm í púsl).
- Myndin er færð með kalkipappír á plötuna sem er jafnstór blaðinu og máluð eða lituð með Neoncolor-litum (eða trélitum). Gott að fara ofan í línur með brennipenna eða svörtum útlínupenna.
- Plötunni snúið við og rammi teiknaður (eins rammi og er framan á púslinu).
- Þá eru púsl-línur teiknaðar innan í rammann. Gott er að teikna tvær línur langsum og tvær þversum, þannig að púslíð sé 9 stk. Það fer eftir getu og aldri nemenda hversu miklir krókar eru á línunum. Yngri nemendur geta ekki sagað mikla króka og því er best að hafa lítið bognar línur hjá þeim.
- Saga rammann og síðan púslíð.
- Kantarnir pússaðir örlítið (passa að rispa ekki myndina, pússa bara kantana).
- Ramminn límdu á botnplötu.
- Púslinu raðað inn í rammann.
- Hægt er að lakka púslíð eða bera olíu á það (fer eftir því hvernig myndin var lituð/máluð).

Sambætting: Myndmennt. Teiknið og litið myndina á plötuna í myndmennt og sagið hana út í smíði.

Jólasveinar úr trjálurkum

Markmið:

- Búa til jólas kraut og jólagjafir.
- Geta valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á vandað handverk og útlit.
- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín með því að kynna gömlum hefðum og siðum jóla.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um skóga og skógrækt. Hvernig getum við nýtt skóginn til að búa til jólas kraut? Ræða um gömlu íslensku jólasveinana og siði og hefðir í tengslum við jólin í gamla daga.

Efni og áhöld:

Trjálurkar, hvít gæra í skegg eða gróft garn, rauð málning eða efni (t.d. flísefni) í jólasveinahúfu; brennipenni, trélím eða límbyssu.

Verklýsing:

- Kennarinn sagar niður trjálurka, beina í annan endann en á ská í hinn. Nemendur velja sér trjálurk og teikna andlit á skáhliðina.
- Teikna andlitið með brennipenna.
- Líma skeggið á með límbyssu eða trélími.
- Mála húfuna eða klippa niður efni í húfu og líma það á lurkinn.


Hægt er að hafa þetta hópverkefni þar sem allir búa til einn íslenskan jólasvein, merkja hann (Stekkjastaur, Stúfur o.s.frv.) og skreyta svo skólann með jólasveinunum þrettán. Líka hægt að búa til Grýlu og Leppalúða.

Samþætting: Samfélagsfræði, jólahefðir.

Víravirki með kúlum (leikfang)

Markmið:

- Hanna og teikna einfalt leikfang.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta dregið einfalda skissu og tvíviða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með s.s. vír og tré.
- Geta gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnunni.
- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefnin, með því að ræða um leikföng á ólíkum tímabilum og í ólíkri menningu.
- Læra að bora með borvél.
- Framkvæma einfaldar samsetningar.
- Geta bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast daglegu lífi.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um vír sem efnivið. Hvernig beygjum við vír? Hvaða verkfæri notum við þegar við vinnum með vír? Ræða um mismunandi styrkleika vírs og mismunandi sverleika. Hvað er gert úr vír í umhverfinu? Ræða um öryggisreglur við borvélina. Ræða um leikföng sem byggja á hreyfingu. Hvernig þarf vírinn að vera beygður til að hægt sé að færa kúlurnar?

Efni og áhöld:


Furukubbur, sandpappír, vír 1–3 mm, virklippur, tré- eða plastkúlur, tangir, olía, bor og borvél, trélím.

Verklýsing:

- Nemendur rissa upp á blað hvernig víravirkið þeirra á að líta út (gott að miða við að nota 3 víra).
- Pússa furukubbin vel.
- Bera matarolíu á kubbin.
- Kennari klippir vírinn í mátulega langar lengjur miðað við teikningu nemandans.
- Nemandi beygir vírinn með höndunum eða tångum.
- Velja kúlur til að setja á vírana (t.d. 5–8 kúlur á hvern vír).
- Merkja á kubbin þar sem þarf að bora fyrir vírunum (athuga að beygja alla vírana og máta á kubbin áður en byrjað er að bora).
- Bora göt fyrir vírana (passa að hafa gatið í sama sverleika og vírinn). Nemendur í 3.–4. bekk ættu að geta borað sjálfir með standborvél.
- Setja kúlurnar á vírana og líma vírana í götin með trélími (passa að það sé ekki spennan á vírunum svo að þeir detti ekki strax úr götunum).

Sambætting: Myndmennt, þrívíddarteikning. Samfélagsfræði, leikföng áður fyrr.

Naglamynd



1.–4. bekkur

Markmið:

- Þjálfar notkun með hamar og nagla.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Þjálfar fínhyringar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaðefnum og verkfærum sem unnið er með, hamar, nagli, krossviður, vír.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sínu og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.

Umræður:

Ræða um samsetningar. Til hvers notum við nagla? Ræða mismunandi tegundir og stærðir nagla. Hvaða öryggisatriði þarf að hafa í huga? Ræða um smíði og smíðavinnu. Hvað eru handverkfæri? Hvað gera smíðir? Hvernig höldum við á hamri? Mismunandi tegundir og heiti hamra (klaufhamar, pinnahamar, gúmmihamar, tréhamar, sleggja). Hvað er neglt saman í umhverfinu (skólastofunni)?

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, krossviðsplata 12 mm (ca. A4 að stærð), brennipenni, hamar, litlir naglar m/haus (1"), málning og penslar, brennipenni, garn eða band, málning (eða Nenocolor litir), glært lakk.

Verklýsing:

- Nemendur teikna mynd á A4 blað af dýri, t.d. fisk, fugl, fiðrildi, staf eða annað.
- Færa myndina á krossviðsplötu með kalkipappír.
- Teikna ofan í allar útlínur með brennipenna.
- Mála myndina í litríkum litum (muna að fylla í alla myndina).
- Kennari lakkar myndina með glæru lakki og lætur þorna vel.
- Negla nagla í útlínur dýrsins, með u.þ.b. 1 cm millibili (passa að naglinn fari vel ofan í plötuna svo að hann losni ekki).
- Þræða band/garn á milli naglanna, til skiptis yfir og undir þá. Þræða bandið nokkra hringi, alltaf til skiptis (yfir, undir – undir, yfir).
- Setja band aftan á til að hengja myndina upp.

Samþætting: Íslenska, stafir, orð. Samfélagsfræði, dýr.



Mosaikmynd

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta unnið verkefni í hóp.
- Þjálfar hönnun og handverk.
- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaðefnum sem unnið er með s.s. trélími, efnisafgöngum, flísum, tré, plasti.
- Geta valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.

Umræður:

Hvað er mosaik? Ræða um hvernig hægt er að nýta efnisbúta í mosaik listaverk. Sýna dæmi um stór mosaik listverk (finna myndir á netinu). Ræða um hvaða efni er notað í mosaik (gler, flísar, trjábútar, litað pasta, plast o.fl.). Hvaða efni getum við notað í mosaik? Hvar hafið þið séð mosaik listaverk? Er eitthvað mosaik heima hjá ykkur?

Efni og áhöld:

Mosaik-bútar sem kennarinn hefur litað í ólíkum litum. (Setja smá bæs í plastpoka með fullt af litlum, þunnum kubbum og hrista pokann svo að bæsið nái að lita alla kubbaná), einnig er hægt að nota annað efni s.s. litað pasta eða baunir. Þunna krossviðsplötu (eða MDF), trélím og band til að hengja myndina upp. Ef búa á til stórt mosaik-listaverk á vegg skólans þarf að nota efni sem endist vel, t.d. mosaik-flísar eða brotnar flísar.

Verklýsing:

- Kennarinn er búinn að saga fyrirfram fullt af litlum kubbum, lita þá (með bæs) og setja einn lit í hvern kassa.
- Nemendur fá þunna plötu og raða kubbum upp í mynd (ekki teikna neitt á plötuna, bara að láta hugmyndaflugið ráða og raða saman kubbum í mynd).
- Þegar allir kubbar eru komnir á plötuna er hægt að byrja að líma þá á með trélími (ekki byrja að líma fyrr en allir kubbar eru komnir).
- Þegar límið orðið þurrt er hægt að lakka yfir myndina með glæru lakki.
- Setja band til að hengja myndina upp.

Samþætting: Myndmennt, listasaga. Samfélagsfræði (stór mosaikmynd sem tengist viðfangsefni í sögu/landafræði). Tengja efnið við sögu eða ævintýri sem kennarinn les fyrir nemendur. Íslenska, stafainnlögn í 1. bekk og láta nemendur búa til stafi. Verkefnið getur líka verið hópverkefni þar sem hver og einn gerir hluta af mosaikinu sem verður að lokum eitt stórt mosaiklistaverk á veggjum skólans.

Kubbapúsl

Markmið:

- Þjálfa vandað handverk og ræða um tréleikföng.
- Fjalla um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefnið (leikföng fyrri tíma).
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Búa til fallegt leikfang.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Æfa notkun brennipenna.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um gamalt handverk og gömul leikföng. Hvaða efnivið hafði fólk í gamla daga til að búa til leikföng? Hvaða leikföng eigið þið úr tré? Hvað getum við búið til margar myndir á fjóra kubba? Hvaða leikföng eru nú til dags úr tré? Úr hvað efnum eru leikföngin ykkar?

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, furukubbar (eða annar vandaðri viður), sandpappír, brennipenni, matarolía.

Verklýsing:

- Kennarinn sagar niður kubba með allar hliðar jafnstórar.
- Hver nemandi fær fjóra kubba og pússar þá vel.
- Teikna 6 einfaldar myndir sem eru jafnstórar og fjórir kubbar. Best er að láta nemendur hafa blað sem er jafnstórt og 4 kubbar og láta fylla út í blaðið (athuga að myndirnar þurfa að vera einfaldar og ekki of margar línur).
- Flytja myndirnar á kubbana með kalkipappír.
- Fara ofan í allar útlínur með brennipenna.
- Bera matarolíu á kubbana.


Hægt er að vinna þetta verkefni í hópavinnu þannig að hver nemandi gerir einn kubb og hópurinn í sameiningu teiknar sex myndir. Kubbapúslíð er svo geymt í skólastofunni og nemendur geta leikið sér að því að raða saman púslinu sínu og því sem hinir hóparnir gerðu. Þannig er hægt að safna saman nokkrum púslum og hafa í leikfangakistu í skólanum.

Sambætting: Stærðfræði, þrívídd. Samfélagsfræði, teikna myndir á kubbana sem tengjast viðfangsefni í samfélagsfræði.

Klemmurammi

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta hagnýtt þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Gera grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Læra að nota útsögunarsög, sandpappír og trélím.
- Geta framkvæmt einfaldar samsetningar.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Nýta efnivið úr umhverfinu.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um tré og ólík smíðaeigni úr tré. Ræða um einföld form (hjarta, tígul, hring, þríhyrning o.s.frv.). Hvað form finnum við í umhverfinu?

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, furukubbar, þunnur krossviður, þvottaklemma, sandpappír, trélím, útsögunarsög, prik (6 mm díll).

Verklýsing:

- Kennarinn sagar niður kubba eða notar trjábúta.
- Nemandi þússar kubbinn.
- Teikna form á pappír og klippa út.
- Leggja blaðið á þunnan krossvið og teikna eftir útlínun (athuga að nýta efnið vel).
- Saga eftir útlínun með útsögunarsög.
- Þússa kantana.
- Mála plötuna/spjaldið báðum megin.
- Kennari borar gat í kubbinn.
- Nemandi límir saman kubbinn, dílinn, klemmuna og spjaldið.
- Setja ljósmynd í klemmuna.

Þetta er einfalt útsögunarverkefni og sniðugt að nota sem fyrsta verkefni á haustin í 1.-2. bekk.

Samþætting: Stærðfræði, rúmfræði.

Hljóðfæri – hristur og trommur

Markmið:

- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við hljóðfærasmíð.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem hæfa viðfangsefninu á öruggan hátt.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form, útlit og notagildi.
- Geta framkvæmt einfaldar samsetningar.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með og stuðla að endurvinnslu.
- Geta sett saman hljóðfæri sem myndar hljóð.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.

Umræður:

Hvað þarf til að búa til hljóðfæri? Hvernig getum við búið til hljóðfæri úr endurunnu efni? Hvað getum við notað til að búa til hristu? Hvernig trommu getum við búið til? Hvað er innan í hristum?



Efni og áhöld:

Plastflöskur, límband, málning eða skrautmiðar, band, skaft (t.d. tréstöng), dós, trjágrein, tappar af gosflöskum, vír.

Hrista – Verklýsing:

- Kennari kemur með alls konar endurvinnanlegt efni, t.d. plastflöskur, klósettrúllur, plastdósir o.fl.
- Nemendur skreyta flöskuna/dósina.
- Setja hrísgrjón, tölur eða annað innan í flöskuna.
- Lokað með þykku límbandi.

Tromma – Verklýsing

- Kennarinn afhendir nemendum dós (utan af osti) eða jógúrt dós.
- Gera gat á dósina fyrir tréskaft.
- Líma skaftið vel í gatið með límbyssu eða málningarlímbandi.
- Klippa tvö jafnlöng bönd og gera tvö göt á hliðarnar.
- Stinga böndunum í gegnum götin og binda hnút á endana innan í dósinni.
- Setja perlur á endann á böndunum.
- Loka dósinni með pappír og líma málningarlímband yfir. Gott að þekja allan pappírinn með málningarlímbandinu.
- Mála og skreyta dósina með skærum litum.

Hrista úr greinum og töppum – Verklýsing

- Kennari sagar niður trjágreinar.
- Mála og skreyta trjágreinina.
- Kennari borar göt fyrir virinn.
- Slétta tappana með hamri (helst á steðja eða harðviði).
- Kennari borar í gegnum tappana.
- Þræða nokkra tappa upp á virinn og ganga vel frá endanum á vírnum.

Samþætting: Tónmennt

Seglskútur – Bátar

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Gera grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist smíði farartækja, eins og bátum, skútum og skipum.
- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við bátagerð og siglingar.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem hæfa viðfangsefninu á öruggan hátt.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Framkvæma einfaldar samsetningar.
- Geta sagt frá orkugjöfum sem nota má í bátagerð og nýtt sér virkni vindorku.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með (endurvinnsla).
- Nota efnivið úr umhverfinu, skóginum.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Hvað þarf til að bátur sigli áfram? Hvernig getur vindur flutt bát? Hvernig þarf seglið að vera? Skoða myndir af seglskútum (af netinu). Úr hverju voru skúturnar smíðaðar í gamla daga? Hvernig er seglið í laginu? Af hverju? Hvaða efni flýtur og hvað sekkur?

Efni og áhöld:

Trjásnæiðar og trjákuðar, trjágrein, vatnshelt trélim eða límbyss, efni í segl, matarolía.

Verklýsing:

- Rætt um báta og skútur.
- Teikna mynd af bátum sínum.
- Nemendur velja trékubb og prófa hvort hann flýtur eða sekkur og skoða hvernig best er að snúa honum.
- Hægt að setja minni kubba ofan á eða skreyta bátinn með brennipenna.
- Bora gat í trékubbinn fyrir mastrið (trjágreinina).
- Setja seglið (sem var saumað í textíl) á greinina.
- Hægt er að fara með nemendur í fjöru eða læk og prófa hvort að skútan fljóti (eða að láta vatn í bala og prófa).

Samþætting: Textíl, sauma seglið í textíl.

Tálguverkefni

Markmið:

- Læra rétt handbrögð við tálgun og helstu öryggisatriði með tálguhnífinn.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaðefnum sem unnið er með og þekkja helstu trjátegundir.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Fjalla á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín með því að læra gömul tálguhandbrögð.
- Geta útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið með því að nýta skóginn til að búa til nytjahluti.
- Geta hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í tálgun í einföldum verkefnum.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Að vinna saman í hóp.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Fara vel yfir öryggisþætti og reglur varðandi tálgun og mikilvægi þess að halda rétt á hnífnum. Kenna rétta líkamsbeitingu þegar verið er að tálga. Sýna nemendum dæmi um falleg listaverk sem eru tálguð. Ef hægt er, fara með nemendum út í skóg og sækja efnivið. Lesa í skóginn (<http://www.skogur.is/utgafa-og-fraedsla/lesid-i-skoginn>). Hér er fullt af tálguverkefnum: <http://www.skogur.is/utgafa-og-fraedsla/lesid-i-skoginn/verkefnabanki/>

Efni og áhöld:

Trjágreinar og tálguhnífur.

Verklýsing:

- Fara út í skóg og sækja trjágreinar eða kennari er með kassa með trjágreinum.
- Nemendur setjast á hring á kollum og allir fá afhentan einn tálguhníf.
- Farið yfir reglurnar (s.s. að standa ekki upp með hnífinn, setja hnífinn í slíðrið að lokinni notkun og að kenna réttu handbrögðin við tálgun)
- Þegar nemendur sitja í hring þá er gott að láta þá tálga inn að miðju hringins.
- Yngri nemendur geta æft sig að tálga börkinn utan af greinunum og mála svo greinarnar í skærum litum.

Samþætting: Samfélagsfræði, umhverfismennt, gamalt handbragð.

Kubbalistaverk

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með.
- Framkvæma einfaldar samsetningar með trélími eða límbyssu.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, með endurvinnslu.
- Vinna verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form, útlit og notagildi.
- Auka áhuga á sköpun og hönnun.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Hvað getum við gert við þessa kubba? (afgangskubbar í kassa) Hægt að búa til vegglistaverk eða t.d. borg eða bíl úr kubbum. Ræða um endurvinnslu og mikilvægi þess að endurnýta gamla hluti. Hvers vegna er mikilvægt að endurnýta? Skoða listaverk (á netinu) sem hafa verið búin til úr endurunnu efni.



Efni og áhöld:

Afgangskubbar og annað efni (láta nemendur koma með eitthvað að heiman, t.d. tölur, púsl og annað smádót sem hefði annars farið í ruslið). Líka hægt að fara út með nemendur og tína rusl og búa til listaverk úr því. Lím og plötu til að líma kubba á.

Verklýsing:

- Rætt um endurvinnslu.
- Nemendur fá plötu og alls konar afgangskubba og dót í kassa.
- Líma kubba á plötuna með trélími (yngri nemendur) eða límbyssu (passa vel að nemendur brenni sig ekki á límbyssunni).
- Þegar listaverkið er tilbúið þarf límið að þorna.
- Mála yfir allt með einum lit.

Sambætting: Lífsleikni, endurvinnsla. Myndmennt, skúlptúrar.

Endurvinnsla húsgagna

Markmið:

- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi þess að endurnýta.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með, með endurvinnslu.
- Auka áhuga á sköpun og hönnun.
- Geta unnið einföld verkefni í hóp.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Hvernig getum við gert við þessi gömlu húsgögn? Hvernig getum við notað dagblöð/tímarit til að lifga upp á gömul húsgögn? Hvers vegna er gott að endurnýta?

Efni og áhöld:

Gömul húsgögn (t.d. stólar, borð, rammar, styttur), límlakk, skæri, penslar.

Verklýsing:

- Rætt um endurvinnslu.
- Nemendur vinna saman í hóp.
- Hver hópur fær gamalt húsgagn og nokkur gömul tímarit (t.d. Andrésblöð, kortabækur, myndablöð, lestarbækur).
- Nemendur rífa eða klippa niður blaðsíður.
- Bera límlakk á húsgagnið og líma blöðin á.
- Bera nokkra umferðir af límlakki yfir blöðin og láta þorna vel á milli.

Hægt að nýta gömul húsgögn, borð og stóla, sem til eru í skólanum og setja svo upp lestrarhorn með húsgögnum úr dagblöðum/tímaritum.

Sambætting: Lífsleikni, endurvinnsla. Íslenska, nota gamlar íslenskar bækur sem ekki eru lengur notaðar á bókasafninu.

Stafurinn minn

Markmið:

- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Þjálfa notkun með útsögunarsög.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og nota hlífðarbúnað rétt.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Hvað heitir stafurinn þinn? Hvað segir stafurinn? Hvernig er stafrófið? Rætt um lestur og stafi.

Efni og áhöld:

Krossviður (eða MDF) 6mm, blað og blýantur, útsögunarsög, sandpappír, málning, penslar.

Verklýsing:

- Rætt um stafina og stafrófið.
- Nemendur teikna stafinn sinn breiðan (tvöfaldan).
- Klippa út stafinn og leggja á krossvið eða MDF.
- Teikna eftir útlínun (gott að líma stafinn á krossviðinn).
- Saga meðfram útlínun með útsögunarsög.
- Pússa kanta.
- Mála (eða bæsa) stafinn í einum lit.
- Hægt að skreyta stafinn, t.d. með fjöðrum, límfiltri eða perlum.
- Sniðugt verkefni fyrir nemendur í fyrsta bekk sem eru að læra stafina.

Samþætting: Íslenska, lestur.

Vírakarlar

Markmið:

- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta hagnýtt þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Velja efni út frá umhverfissjónarmiðum og geta sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Framkvæma einfaldar samsetningar með lími.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um persónur og hlutföll. Ræða um sögupersónur (ef verkefnið tengist ákveðinni sögu eða ævintýri). Hvaða stærðarmunur er á barni og fullorðnum? Hvernig klæðist fólk? Hvernig andlit getum við teiknað í brúðurnar? Ræða um svipbrigði.

Efni og áhöld:

Furukubbar eða trjábolir, vír eða pípuhreinsir, kúla í höfuð, kubbar í fætur og hendur, málning, tússpenni, trélím, garn í hár, efni í föt (ef klæða á brúðurnar í föt).

Verklýsing:

- Rætt um persónur og hlutföll.
- Nemendur saga kubba í bók og pússa vel.
- Saga og pússa litla kubba í hendur og fætur (gæta þess að fæturnir séu nógu stórir og stöðugir svo að karlinn geti staðið).
- Bora gat á bók, höfuð, hendur og fætur.
- Setja vír/eða pípuhreinsi í götin og líma með trélími.
- Mála karlinn og teikna andlit.
- Líma hár á karlinn.


Þetta verkefni er hægt að nota í tengslum við ákveðna sögu eða ævintýri þannig að hver nemandi búi til eina persónu í sögunni.

Samþætting: Íslenska, lestur. Samfélagsfræði, í tengslum við þema. Textilmennt, sauma búninga á karlana.

Borðspil (mylla/kínversk skák/lúdó)

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Velja efni út frá umhverfissjónarmiðum og geta sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Þjálfra notkun brennipenna.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um gömul borðspil (skoða myndir af netinu). Hvernig borðspil þekkið þið? Úr hverju getum við búið til borðspil? Hvað getum við notað sem leikmenn á spilaborðinu?

Efni og áhöld:

Plata úr krossviði, MDF eða vandaðri viði, (t.d. furu), sög, brennipenni, sandpappír, bæs eða olía, litlir kubbar í leikmenn (gæti verið trékubbar, tölur eða annað smádót), mataraolía.

Verklýsing:

- Teikna borðspilið á blað (myllu, lúdó, kínverska skák eða annað borðspil).
- Saga niður efni í plötuna.
- Pússa plötuna vel.
- Teikna útlínur spilsins á plötuna.
- Fara ofan í útlínur með brennipenna.
- Bora göt fyrir leikmenn ef með þarf.
- Saga niður efni í leikmenn (ef þarf), líka hægt að nota litla trébúta og mála þá.
- Stroka út allar blýantslínur á plötunni.
- Bera matarolíu á plötuna.

Sambætting: Stærðfræði, reikna hlutföll og teikna línur.

Borverkefni

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Þjálfa notkun með borvél.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Þjálfa notkun brennipenna.
- Þjálfa fínhyfingar.
- Þekkja verkfærin og smíðaeefnið sem unnið er með.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar við notkun borvélar.
- Þekkja hugtökin bor, borvél (standborvél, handborvél, rafmagns/rafhlöðu), handbor.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um mikilvæg öryggisatriði varðandi borvélar. Hvað getur gerst ef við förum ekki gætilega við notkun véla? Hvaða form/dýr getum við búið til? Hvað þurfum við að bora stór göt? Hvernig bor eigum við að nota? Hvað í kringum okkur hefur verið borað? Hvar sjáið þið göt í umhverfinu? Hægt að nota tækifærið og kenna nemendum að reima og binda hnúta.

Efni og áhöld:

Blað, blýantur, heflað furuborð eða krossviðsplatá (12–16 mm) eða MDF (9 mm), útsögunarsög, sandpappír, bor og borvél, reim eða band (vefja límband á annan endann), brennipenni, matarolía.

Verklýsing:


- Teikna formið á blað, t.d. fisk, skó, dýr eða annað sem kennarinn ákveður.
- Færa teikninguna á plötuna með kalkipappír.
- Saga út formið.
- Pússa vel.
- Fara ofan í útlínur ef þarf.
- Teikna götin með blýanti.
- Bora götin (athuga vel öll öryggisatriði) (bora a.m.k. 15–20 göt).
- Pússa í kringum götin.
- Festa annan endann á bandinu í eitt gatið (líka hægt að hafa báða enda lausa á bandinu).
- Bera matarolíu á smíðagripinn og láta hana þorna vel.
- Þræða bandið upp og niður götin að vild.

Sambætting: Stærðfræði, teikna götin eftir ákveðnu mynstri eða mæla jafnt bil á milli gata.

Sprellikarl

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta hagnýtt þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaðefnum sem unnið er með.
- Geta gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist hreyfingu sprellikarls.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Þjálfast í að nota útsögunarsög, sandpappír og borvél (eða handbor).
- Geta framkvæmt einfaldar samsetningar.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og nota hlífðarbúnað.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Hvernig getum við búið til sprellikarl sem hreyfist? Ræða um virkni og hreyfingu og hvað gerist þegar togað er í spottann á sprellikarlinum?

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, þunnur krossviður (4–6mm), útsögunarsög, sandpappír, bor og borvél (eða handbor), málning, pensill, brennipenni, splitti, band.

Verklýsing:

- Teikna bók, höfuð, hendur og fætur á blað (gæta þess að hendur og fætur séu ekki of lítil og mjó). Fætur og hendur þurfa að ná inn á bókinn. Höfuðið á að vera fast á bóknum.
- Færa teikninguna á krossviðinn með kalkipappír.
- Saga eftir útlínum.
- Pússa kantana.
- Bora göt fyrir splittin á hendur, fætur og bók.
- Bora göt fyrir bandið í endann á höndum og fótum.
- Mála karlinn og gera andlit með brennipenna.
- Binda böndin í götin (sjá teikningu).

Samþætting: Íslenska, hægt að búa til persónur sem tengjast ákveðinni sögu.

Listaverk/figúra úr vír

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaðefnum sem unnið er með (vír og tré).
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Þjálfast í að nota verkfærin töng og virklippur.
- Geta valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geta framkvæmt einfaldar samsetningar.
- Geta beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar þegar unnið er með virklippur og vír.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Hvernig listaverk eru til úr vír (skoða myndir af netinu)? Hvers konar vír getum við notað? Getum við notað afgangsvír (endurunnið efni)? Hvað er búið til úr vír í umhverfinu?

Efni og áhöld:

Vír (í nokkrum sverleikum og ólíkum litum, s.s. rafmagnsvír), klippur og tangir, trékubbur, borvél og bor, matarolía eða málning.

Verklýsing:

- Teikna figúruna á pappír (gott að hafa þema, t.d. íþróttamann, dýr).
- Velja vír sem hentar.
- Beygja vírana í figúru (nota tangir ef með þarf).
- Pússa kubbb sem er notaður í undirstöðu.
- Mála kubbin eða bera olíu á hann.
- Bora göt til að festa figúruna/listaverkið.
- Hægt að skreyta listaverkið, t.d. klæða figúru í föt.

Samþætting: Íþróttir, búa til íþróttafigúru. Samfélagsfræði, húsdýr.

Garðurinn minn

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með úr náttúrunni.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með úr náttúrunni.
- Geta unnið einföld verkefni í hópi.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Hvernig skipuleggjum við garð? Hús, bílskúr, innkeyrsla, gras, tré, beð, steinar, gosbrunnur, pallur, garðhús, gróðurhús, matjurtagarður, pottur? Hvaða efni notum við í garðinn okkar? Skoða myndir af netinu t.d. af litlum görðum og stórum görðum. Einkagarður/ almenningsgarður, þéttbýli/dreifbýli. Hvernig eru græn svæði í borgum og bæjum? Hvernig er draumagarðurinn ykkar?

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, kalkipappír, plata í botn (MDF eða krossviður), trékubbar í hús, trélim (lím og límbyssu), glært lakk, sög, málning, trjágreinar, trjáneiðar, sandur, steinar, mosi og annað sem finnst í náttúrunni. Einnig er hægt að nota afgangskubba til að búa til hús og bíla.

Verklýsing:

- Umræður um garða.
- Nemendur fara út með poka og tína litlar greinar, steina, mold, mosa, laufblöð og annað sem hægt er að nota í garðinn.
- Teikna grunnmynd af draumagarðinum sínum í sömu stærð og grunnplatan.
- Flytja teikninguna á plötuna með kalkipappír.
- Mála plötuna í réttum litum, grænt fyrir gras og gróður, brúnt í beðin, grátt fyrir steina og grjót o.s.frv.
- Velja kubba, greinar, steina o.fl. til að hafa í garðinum og raða öllu á réttan stað (passa að málningin sé alveg þornuð áður). Í hverjum garði þarf að vera a.m.k. eitt hús og einhver gróður.
- Líma allt á plötuna með trélimi. Sumt þarf kannski að líma með límbyssu, t.d. tré (kennarinn þarf að aðstoða yngstu nemendurna með límbyssuna).
- Kennari úðar yfir allt með glæru lakki.
- Hægt er að raða öllum görðunum saman og búa til heilt hverfi og stilla því upp í skólanum.

Samþætting: Samfélagsfræði.

Stjörnuveggur

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Velja og nota þau verkfæri sem hæfa viðfangsefninu á öruggan hátt.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta unnið einföld verkefni í hópi.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.
- Finna jákvæð orð um bekkjarfélaga.



Umræður:

Ræða um einelti og mikilvægi þess að allir séu vinir. Allir eru jafnmikilvægir í hópnum. Við ætlum að búa til stjörnuvegg þar sem allir í bekknum/hópnum eru stjórnur. Hvað getum við sagt fallett við bekkjarfélagann? Allir eru góðir í einhverju. Segjum eitthvað jákvætt við sessunaut okkar.

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, skæri, MDF eða krossviður (6–9 mm), útsögunarsög, sandpappír, brennipenni.

Verklýsing:

- Umræður um einelti og vináttu.
- Allir teikna sína eigin stjörnu og klippa hana út (passa að stjarnan sé nógu stór til að hægt sé að skrifa nokkur orð á hana).
- Leggja stjörnuna á plötu (MDF eða krossvið) og teikna eftir.
- Saga stjörnuna út með útsögunarsög.
- Pússa vel kantana.
- Skrifa nafnið sitt á miðja stjörnuna með blýanti.
- Fara ofan í nafnið með brennipenna.
- Hengja allar stjörnurnar upp á vegg („stjörnuveggurinn“). Hægt að nota kennaratyggið eða að búa til stóra plötu og negla stjörnurnar á. Einnig hægt að bora lítið gat á stjörnuna og hengja stjörnurnar á nagla á veggnum.
- Allir skrifa eitthvað jákvætt á stjörnur hjá bekkjarfélögum.
- Í lok vetrar fer hver nemandi með stjörnuna sína heim með öllum jákvæðu orðunum sem bekkjarfélagarnir hafa skrifað.

Sambætting: Lífsleikni, einelti.

Endurvinnna púsl

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að endurnýta efni úr umhverfinu.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta unnið einföld verkefni í hóp.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Fyrir tímann eru nemendur beðnir um að koma með gömul púsl að heiman. Rætt er um hvað hægt sé að gera við púsl þegar vantar í þau. Getum við búið til eitthvað úr þessum púslum? Ræða um endurvinnslu og hvað hægt sé að búa til úr gömlu dóti.

Efni og áhöld:

Plata eða rammi, trélím, málning, pensill, glært lakk.

Verklýsing:

- Ræða um endurvinnslu.
- Teikna skissu af því sem nemendur ætla að búa til úr púslinu.
- Flokka púslin eftir lit (ef valið er að mála það ekki).
- Raða púslum og líma þau saman með trélími (gæta þess að púslíð sé þétt svo að það detti ekki í sundur).
- Mála púslíð ef vill.
- Kennarinn lakkar yfir með glæru lakki

Samþætting: Samfélagsfræði, endurvinnsla.

Þrívíddarmynd

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta hagnýtt þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefnið.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Framkvæma einfaldar samsetningar.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Rætt um tvívídd og þrívídd. Hvernig getum við búið til mynd í þrívídd?
Hvað er bakgrunnur og forgrunnur? Hvernig virkar þrívíddarbió?

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, kalkipappír, MDF (9 mm og 6 mm), útsögunarsög, sandpappír, málning og penslar, glært lakk, band, heftibyssa og hefti.

Verklýsing:

- Teikna myndina. Hvað á að vera í bakgrunni og hvað í forgrunni?
- Flytja bakgrunninn á þykkari MDF (9 mm) með kalkipappír.
- Teikna það sem á að vera í forgrunni (persónur, dýr) á þynnri plötu (6 mm) með kalkipappír.
- Saga út bakgrunnsmyndina.
- Saga út það sem á að vera í forgrunni, t.d. fólk, hús.
- Pússa vel kantana.
- Mála bakgrunns- og forgrunnsfígúrunar.
- Líma fígúrunar á bakgrunninn með trélími.
- Kennari lakkar yfir með glæru lakki.
- Hefta band aftan á til að hengja myndina upp.

Samþætting: Samfélagsfræði eða íslenska, sögusviðið í sögu sem fjallað er um í samfélagsfræði eða íslensku.

Skartgripir úr kúlum/perlum

Markmið:

- Geta hagnýtt þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefnið.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaefnum sem unnið er með.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Læra að binda hnúta.
- Geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaefnum sem unnið er með (trékúlur, perlur o.fl.).
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Rætt um skartgrip. Úr hverju eru skartgripir? Skoða myndir af skartgripum víða úr heiminum. Hvernig eru skartgripir í Afríku? En Asíu? Hvernig skartgripir eru til heima hjá ykkur? Hvernig skartgripir getum við búið til úr þessum efnivið? (Kennari er með alls konar perlur, kubba, leðurreimar o.fl. í kassa.)

Efni og áhöld:

Perlur, trékúlur (eða annað efni t.d. skeljar, leðurbúta), leðurreim eða band (hægt að nota alls konar efni í band), skartgripafestingar ef við á (t.d. eyrnalokkafestingar, armbandsfestingar).

Verklýsing:

- Ræða um skartgrip.
- Velja kúlur, perlur sem passa saman.
- Raða perlunum á band/leðurreim.
- Binda hnút á bandið (eða setja festingu).

Sambætting: Myndmennt eða textilmennt (hægt að búa til perlur í myndmennt t.d. úr pappamassa, eða þæfa kúlur í textíl).

Plastvinna (segull, hálsmen, lyklakippa)

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaðefnum sem unnið er með (plast).
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem hæfa viðfangsefni (útsögunarsög með finu blaði og finn sandpappír).
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um plast sem hráefni. Hvað er gert úr plasti í umhverfinu? Mismunandi tegundir plasts (plexigler, PVC). Endurvinnsla plasts. Sýna nemendum nokkra hluti úr plasti. Ræða um plast sem manngert efni, það finnst ekki í náttúrunni.

Efni og áhöld:

Blað, blýantur, plast (plexigler, hægt að fá í mismunandi litum og áferð), útsögunarsög (lítill með finu málmsagarblaði), trélím, finn sandpappír (nr. 200–1000), útsögunarklofi, póleringarvél (smergel með hvítum púða), lyklakippuhringur (eða segull eða leðuról).

Verklýsing:


- Ræða um plast/plexigler.
- Teikna form á blað og klippa hringinn í kring (ath. að klippa ekki eftir útlínum). Formið þarf að vera frekar einfalt t.d. þríhyrningur, stafur, hjarta, stjarna. (Passa að formið sé ekki of lítið svo að nemendur geti haldið vel í það þegar þeir saga.)
- Velja plast og líma blaðið á með trélími (passa að líma vel að brúnum blaðsins). Ef hlífðarplast er á plexiglerinu, ekki taka það af fyrr en búið er að saga og pússa kantana. Nýta efnið vel.
- Saga eftir útlínum með útsögunarsög fyrir mál (með finu blaði). Nota útsögunarklofa.
- Pússa kantana með finum sandpappír (passa að rispa ekki hliðarnar á plexiglerinu).
- Taka pappírinn af plexiglerinu með vatni og hlífðarplastið ef það er til staðar.
- Bora gat fyrir lyklakippuhring eða hálsól. Líma segul aftan á ef verið er að búa til segul á ísskáp.

Sambætting: Hægt er að tengja við ýmsar greinar, s.s. íslensku (búa til stafí), samfélagsfræði (búa til figúrur og tákn).

Englar úr tré með vírvængi

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefnið.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaðefnum sem unnið er með (tré og vír).
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem hæfa viðfangsefni.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um engla og trú. Hægt að tengja verkefnið við jólin. Eru englar til? Hvar búa englarnir? Hverjir eru englar? Eru englar með vængi? En geislabaug? Hvaða vísur/ljóð kunnið þið um engla? Eru englar stelpur eða strákar? Í hvernig fötum eru englar?

Efni og áhöld:

Blað, blýantur, fura eða MDF, kalkipappír, útsögunarsög, sandpappír, brennipenni, vír, málning (eða bæs), bor og borvél.

Verklýsing:

- Teikna engil á blað (hafa einfalt form t.d. þríhyrning).
- Flytja engilinn á furuborðið með kalkipappír.
- Saga útlínur með útsögunarsög.
- Pússa engilinn.
- Teikna andlit á engilinn með blýanti og fara ofan í línurnar með brennipenna.
- Mála eða bæsa engilinn. Hægt að pússa eða raspa horn og kanta eftir að búið er að mála til að fá gamla aðferð. Einnig hægt að nota alls konar málningu til að fá t.d. sprunguáferð.
- Bora göt fyrir geislabaug og/eða vængi.
- Beygja vír fyrir vængi og geislabaug.
- Líma vírinn í götin með trélími eða límbyssu (einnig hægt að líma vængina aftan á engilinn án þess að bora göt fyrir vírinn).
- Hægt að setja festingar aftan á engilinn til að hengja hann upp á vegg eða setja band í hausinn á honum og hengja á jólatré.

Sambætting: Trúarbragðafræði, kristinfræði.

Pappahús – gatan mín

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið einföld verkefni í hópi.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta valið efni og notað þau verkfæri sem hæfa viðfangsefni.
- Útskýra á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið.
- Geta valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um hús og byggingar. Hvernig húsi búið þið í? Hvernig er draumahúsið ykkar? Hvernig hús eru í götunni ykkar? Hvað þarf að vera í hverju húsi? (Eldhús, baðherbergi, svefnherbergi o.fl.) Ræða um pappa sem byggingarefni til að búa til líkön af húsum. Ræða um endurvinnslu á pappír. Hvað getum við t.d. gert úr pítsakössum?

Efni og áhöld:

Blað, blýantur, pappakassar, lím og límbyssa (einnig hægt að nota annað lím sem þornar fljótt), skæri, málning, pappír til að skreyta húsið, textílefni (t.d. í gardínur), tússlitir og annað skraut.

Verklýsing:

- Teikna húsið sitt á blað.
- Teikna hverja hlið á pappa og klippa út.
- Líma saman hliðar, gólf og þak (passa að hafa rétt hlutföll í húsunum milli nemenda, svo að þau geti verið saman í götu).
- Klippa glugga og hurðir.
- Mála og skreyta húsin.
- Raða öllum húsunum í eina götu (hægt að hafa þunna plötu fyrir götu eða pappaspjald).

Samþætting: Samfélagsfræði.

Málsháttur á rekavið/óheflaðan við

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefnið (málshættir, orðtök).
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Velja efni út frá umhverfissjónarmiðum og geta sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi (endurvinnsla).
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem hæfa viðfangsefni.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um endurvinnslu. Ræða um rekavið. Ræða ferlið frá skógi til fullunninar vöru úr tré. Ræða um málshætti, orðtök, slagorð eða heilræði. Skoða myndir af neti um alls konar orðtök, málshætti og skilaboð sem skrifuð eru á tré og hanga á heimilum manna. Hvaða skilaboð viljið þið setja upp á vegg heima hjá ykkur?

Efni og áhöld:

Rekaviður eða annar óheflaður viður (t.d. er hægt að taka vörubretti í sundur eða fá notað mótatimbur á byggingarsvæðum), blýantur, sandpappír, raspur, brennipenni, sög, bor og borvél, bönd eða vír til að hengja upp, matarolía eða málning.

Verklýsing:

- Ræða um málshætti og skilaboð.
- Velja rekavið, fjöl eða annan við og saga niður í rétta lengd (einnig hægt að nota litla viðarbúta og setja eitt orð á hvern búa og festa þá svo saman með vír eða bandi).
- Pússa lauslega til að losna við flísar (ekki pússa of mikið til að halda grófri áferð viðarins).
- Skrifa skilaboðin með blýanti og fara ofani með brennipenna.
- Hægt að raspa kanta og horn til að fá gamalt útlit.
- Bora gat og setja band eða vír í götin (eða hengja beint í gatið).
- Bera matarolíu á viðinn (eða mála með effect-málningu og pússa svo yfir horn og kanta til að gera gamalt útlit).

Sambætting: Íslenska (málshættir og orðtök), enska (málshættir, orð á ensku).

Farartæki (bíll) sem hreyfist í vindi

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvíviða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Geta hagnýtt þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Geta gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans.
- Geta framkvæmt einfaldar samsetningar.
- Geta sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virknipætti í smíðisgripum, s.s. vindafl.
- Velja efni út frá umhverfissjónarmiðum og geta sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem hæfa viðfangsefni.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um tækni og orkugjafa. Hvernig getum við nýtt vind sem orkugjafa? Hvaða orkugjafa notum við á farartæki í dag? Hvernig eru segl á bátum/skipum? Hvernig segl er best að hafa á farartækinu? Hvaða máli skipta dekkinn á bílnum? Hvaða efni er best að hafa í dekkjunum? Hvaða máli skiptir þyngd bílsins?

Efni og áhöld:

Hægt er að nota alls konar efni í farartækið, t.d. pappa, plast eða tré. Í segl er hægt að nota pappír, plastpoka, textílefni eða hvað sem nemendum dettur í hug. Í dekk má nota pappa, saga út trédekk, nota gömul dekk af leikfangabílum, tilbúin trédekk (sem hægt er að kaupa), tréstöng í öxul (eða nota plaströr), lím, límband o.fl.

Verklýsing:

- Ræða um vind sem orkugjafa. Teikna upp hugmynd að farartæki. Finna efnið í bílinn (einnig hægt að láta nemendur koma með efni að heiman s.s. dekk af gömlum leikfangabíl). Setja saman bílinn (líma, negla, teipa o.s.frv.). Skreyta bílinn ef nemendur vilja. Allir fara út með bílinn í vindi og prófa. Hægt að hafa keppni þar sem keppt er í ýmsum greinum, t.d. hraðskreiðasti bíllinn, bíllinn sem fer lengst, flottasti bíllinn, bestu tilprifin. Mikilvægt er að bíllinn sé ekki of þungur svo að hann hreyfist í vindi, að dekkinn séu nógu þjál og að bíllinn sé nógu sterkbyggður svo að hann skemmist ekki í rokinu. Í keppninni verður að vera gott undirlag (ekki of gróft malbik, þá hreyfist bíllinn ekki). Hægt er að vinna þetta verkefni í hóp þannig að 2–3 nemendur eru saman að búa til einn bíl og eru því saman í liði í keppninni.

Sambætting: Náttúrugreinar (kraftur og tækni), textílmennt (búa til segl), myndmennt (mála og skreyta bílinn).

Haustlitir – tré og laufblöð

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðæfnum sem unnið er með.
- Geta útskýrt árstíðabreytingar trjáa í náttúrunni.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem hæfa viðfangsefni.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.

Umræður:

Vinna með haustlauf og haustliti. Ræða um hvað verður um lafin á haustin. Hvers vegna falla lafin af trjánum? Hvers vegna skipta þau um lit? Fara út með nemendum og tína lauf í haustlitum. Skoða mismunandi lögun og liti laufanna. Hægt að gera tilraun með laufblöð, t.d. að skoða hvers vegna laufblöð skipta um lit á haustin. Fá hugmyndir hjá nemendum, t.d. setja grænt laufblað í frysti eða inn í skáp í myrkur og sjá hvað gerist.

Efni og áhöld:

Laufblöð, blað og blýant, krossviður (eða MDF) 6mm, kalkipappír, útsögunarsög, sandpappír, málning, penslar, band.

Verklýsing:

- Umræður um haustliti.
- Fara út og tína nokkur lauf í haustlitum.
- Velja eitt lauf.
- Teikna lafið á blað (aðeins stærra en það er í raunveruleikanum).
- Flytja lafið á krossvið (MDF) með kalkipappír.
- Saga út laufblaðið.
- Pússa vel.
- Mála laufblaðið í haustlitum (sama lit og laufblaðið sem nemandi valdi í upphafi).
- Öll laufblöðin eru svo hengd upp á vegg (hægt að setja nokkur saman á eitt band og raða böndunum hlið við hlið).

Sambætting: Samfélagsfræði (árstíðir), myndmennt (litablöndun, blanda saman nokkrum haustlitum).



Furðufuglar

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaðefnum sem unnið er með.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Fræðast um ólíkar fuglategundir.
- Geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Framkvæma einfaldar samsetningar.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem hæfa viðfangsefni.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.

Umræður:

Ræða um fuglategundir, íslenska fugla, furðufugla, stóra/litla fugla, fuglaliti o.fl. Hvaða fuglategundir þekkið þið? Teiknið ykkar eigin furðufugl.

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, kalkipappír, krossviður 6mm, furukubbur, trjágrein eða tréstöng, sandpappír, útsögunarsög, málning og penslar, trélím, bor og borvél, fjaðrir, brennipenni.

Verklýsing:

- Ræða um fuglategundir.
- Teikna furðufugl á blað (ath. að hafa ekki fætur og að fuglinn sé ekki of lítill).
- Flytja fuglinn á krossvið með kalkipappír.
- Saga fuglinn út með útsögunarsög.
- Pússa vel kantana.
- Teikna vængi og andlit á fuglinn með blýanti.
- Fara ofan í útlínur (vængi, andlit) með brennipenna.
- Mála fuglinn á mörgum litum.
- Pússa furukubb.
- Bora gat í furukubbin fyrir trjágrein (tréstöng).
- Kennari sagar í endann á trjágrein (tréstöng) svo að fuglinn komist ofan í greinina.
- Lima trjágrein/stöng í gatið á kubbum og fuglinn á hinn endann.
- Lima fjaðrir á fuglinn (ágætt að leyfa nemendum að velja sér 2–4 litríkar fjaðrir og líma á fuglinn með trélími. Einnig hægt að nota fjaðrir sem nemandi hefur fundið úti).


Samþætting: Samfélagsfræði (fuglar), íslenska (íslensk fuglaheiti).



Bókamerki úr leðri

Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðæfnum sem unnið er með (leður).
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Kynnast leðri sem hráefni í listsköpun.
- Geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem unnið er með í leðurvinnu.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Rætt um leður, uppruna, vinnsluaðferðir og afurðir. Hvað getum við gert úr leðri? Hvað eigið þið úr leðri? Skoða myndir af leðurvörum. Hægt að fá ýmsar upplýsingar á vefsíðu Hvitlistar. (<http://www.hvitlist.is/Vorur/Handverksdeild/Ledur-og-lodskinn>)

Efni og áhöld:

Leður, áhöld til leðurvinnu s.s. gatatöng, handsteðjar, mynsturjárn (til að búa til mynstur eða stafi í leðrið), leðurlitir, leðurreim.

Verklýsing:

- Ræða um leður og hvað hægt er að búa til úr leðri.
- Teikna á blað stærð og lögun bókamerkis.
- Kennari sker niður rétta stærð af leðri (miðað við teikningu nemanda).
- Klippa upp í leðrið ef vill.
- Gera gat ef á að setja leðurreim í endann.
- Setja mynstur eða stafi á leðrið með mynsturjárn.
- Lita mynstur eða skrifa á leðrið með leðurlit (ef vill).

Sambætting: Íslenska (bókamerki í lestrarbók), stærðfræði (búa til ákv. mynstur á bókamerkið).

Sumarblómin

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Framkvæma einfaldar samsetningar.
- Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Geta valið og notað þau verkfæri sem unnið er með.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Ræða um blóm og blómategundir. Skoða myndir af ólíkum blómum. Hvaða blóm finnst ykkur fallegust? Hvaða blóm vaxa villt á Íslandi? Hvaða blóm kaupum við í blómabúðum? Hvaða blóm eru sett í vatn og hvaða blóm eru í pottum með mold (afskorin blóm, pottablóm)? Hvað þarf blóm til að lifa?

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, kalkipappír, krossviður (eða MDF), tréstöng, furukubbur eða trjádrumbur, útsögunarsög, tréstöng, málning og penslar, bor og borvél.

Verklýsing:


- Umræður um blóm.
- Teikna blóm á pappír (ath. að hafa það nógu stórt, ekki teikna stöngulinn).
- Flytja blómið á krossvið (eða MDF) með kalkipappír.
- Saga úr blómið með útsögunarsög.
- Pússa vel kantana.
- Mála blómið í réttum litum (fallegt að hafa þekjandi málningu og skæra liti).
- Bora í blómið fyrir tréstöngina.
- Bora í furukubbin eða trjábolinn (ef öll blómin eru á sama trjábolnum).
- Líma blómið á tréstöngina og stöngina í trjábolinn (furukubbin).
- Hægt að lakka yfir með glæru lakki ef blómin eiga að vera úti (ath. að nota þá vatnshelt trélím þegar blómið er límt saman).

Samþætting: Náttúrugreinar (náttúra Íslands og blómaheiti).

Jólaskraut úr íspinnum


Markmið:

- Geta unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Framkvæma einfaldar samsetningar.
- Hagnýta þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Velja efni út frá umhverfissjónarmiðum og geta sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi (endurvinnsla).
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



Umræður:

Umræður um jólin og jólaskraut. Hvað getum við gert úr íspinnaspýtum? Fá hugmyndir frá nemendum og koma með sýnishorn af jólaskrauti.




Efni og áhöld:

Blað og blýantur, íspinnaspýtur (eða annað svipað efni úr tré, líka hægt að nota afsag af rimlagardinum), trélím, málning, efni í skraut, t.d. borðar, dúskar, fílt, límmiðar o.fl.

Verklýsing:

- Ræða um jólin og jólaskraut.
- Teikna skissu af jólaskrauti úr íspinnum.
- Líma saman íspinnana með trélími.
- Mála spýturnar.
- Skreyta með fíltskrauti, dúskum, fjöðrum, borðum eða öðru.
- Festa borða/band til að hengja skrautið á jólatré.




Samþætting: Samfélagsfræði (jólin, hátíðar), myndmennt eða textil (skreyta spýturnar, t.d. með efnisbútum).


Nýsköpunarverkefni

Markmið:

- Geta dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Geta hagnýtt þá leikni sem nemandi hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Geta greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.
- Geta gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans.
- Efla hugmyndaflug nemenda.
- Geta tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geta gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem henta verkefninu.
- Geta sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virknipætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur.
- Geta valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Geta gengið frá eftir vinnu sína.
- Geta lagt mat á eigin verk.



1.–4. bekkur



Umræður:

Rætt um nýsköpun, uppfinningar og ferli hugmyndasmiðs (hugmynd, hönnun, framkvæmd). Farið í ferlið frá hugmynd að framkvæmd. Ræða um frægar uppfinningar og uppfinningamenn. Hvernig eru uppfinningamenn? Þekkið þið einhverja?

Efni og áhöld:

Blað og blýantur, karton og túss, efni og áhöld sem henta verkefninu sem nemendur vinna.

Verklýsing:

- Ræða um nýsköpun og uppfinningar.
- Gera þarfagreiningu. Hvað finnst ykkur vanta hér í skólanum eða heima?
- Nemendur teikna og skrifa hugmyndir á blað.
- Velja bestu hugmyndina.
- Búa til líkan úr kartoni eða pappa gera veggspjald sem kynnir hugmyndina.
- Allar hugmyndir hengdar upp á ganga skólans.

Samþætting: Vinna veggspjald í samvinnu við textílmennt og myndmennt.